

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 19. nóvember 2020
UST202011-208/B.S.
10.04.02


**Efni: Aðalskipulag. Matslýsing - tvöföldun Reykjanesbrautar -
Krisuvíkuraflleggjari að Vogum. Umsögn**

Vísað er til bréfs Hafnarfjarðarbæjar dags. 18. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Umhverfisstofnun telur að í lýsingunni komi fram helstu atriði sem máli skipta varðandi frekari umfjöllun um tvöföldun Reykjanesbrautar á umræddum kafla. Bent skal á að í greinargerðinni er vísað til laga um náttúruvernd, en þau lög eru ekki lengur í gildi og í stað þeirra hafa komið lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Reglugerð 933/1999 var felld brott með 724/2008 reglugerð um hávaða. Einnig skal bent á varðandi loftgæði að í reglugerð 920/2016 er að finna viðmiðunarmörk um mengun sem fylgt geta mannvirkjum af því tagi sem hér er um að ræðir sem ekki er að finna í eldri reglugerð 787/1999 um loftgæði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við lýsinguna.

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
Sérfræðingur



Axel Benediktsson
Sérfræðingur